Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 8


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

## Fátækranefndarfundur 10. júní.

1, Ingigerður Þorvaldsdóttir sækir um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars Jónssonar
2, Ábyrgð fyrir Þóreyju Guðmundsdóttur (Reykhólasveit).
3, Reikningar landlæknis
4, Styrkbeiðni Ólafs Ólafssonar Ísafirði.
5, Hreppsnefnd Sandvíkurhr. viðurkennir sveitfesti Bergþórs Sigfússonar.
6, Þórður Stefánsson biður um viðbótarstyrk.
7, Pjetur Sigurðsson biður um húsaleigustyrk
8, Styrkveiting til handa Guðm. Björnssyni.

## Fundur 24. júní.

1, Styrkur Halldórs Þórðarsonar
2, — — Guð

Guðm. Þórðarson
Sig. Jónsson. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þóru Guðm. Gerðarsonar

Otto Marinó Guðmundss

Svafa Marín Guðmundsdóttir

Guðm. Kjartan 24/7 1908

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Helgason Vatnsenda hefur árlega gefið meðgjöf að sínum hluta, 40–60–50– að meðaltali 50 kr. á ári.

Ágústa Jónsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrún Halldórsdóttir Klapparstíg 6
þarf að fá styrk Kr. 10.00

Reykjavík 9 júní 1909
~~Samúel~~ Ólafsson

Til Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skipun formanns fátækranefndarinnar í Reykjavík höfum við undirritaðir fátækrafulltrúar gjört aðsjón hjá Guðmundi Erlendssyni á Grettisgötu 51. sem beiðst hefur styrks úr fátækrasjóði,

Heimilis ástæður hans eru þessar. Hann og bústýra hans eiga eitt barn á fyrsta ári, þau eru með öllu bjargarlaus og er það því samhuga álit okkar að nauðsyn sje til að sinna styrkbeiðni hans hið fyrsta

Reykjavík 18 Maí 1909

Samúel Ólafsson Árni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórey 19 ár fædd á Reykhólum

№ ..................

Eg undirskrifaður lofa og undirgengst, þá krafist verður, að greiða í peningum kostnað allan við legu sjúklingsins

Stóru-Grund

Þóreyjar Guðmundsdóttur frá Þingholtsstræti

á „Sct. Josefs Hospital“ í Reykjavík, svo og útfararkostnað, ef þess þarf með.

Reykjavík, 29/10 dag maí 1909

Páll Einarsson

| | Kr. | aur. |
|---|---|---|
| Innl. .................... farinn .................... | | |
| Legudagar .................... á . . . . | | |
| Aukavökunætur . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| Umbúðir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| Útfararkostnaður . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| Alls kr. | | |

Reykjavík, .................. dag ..............................

..................................................................

p. t. umsjónarmaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 3. sept. mætti fyrir mjer stúlkan Steinunn Gudmundsdóttir, Grettisgötu 56 og ad gefnu tilefni gefur hún svofellda skýrslu um æfiferil sinn.
Hún er 56 ára, fædd 29. janúar 1853 í Tungu í Svínadal, Borgarfjardar~~sýslu~~ og dvaldi hún þar þangad til hún vard 14 ára. Þadan fluttist hún ad vestra Midfelli á Hvalfjardarströnd í sömu sveit og var hún þar í 5 ár þá flutti hún til Reykjavíkur og var hún þar í 5 ár. Þadan fór hún upp í Hvítársídu ad Fljótstungu og dvaldi þar í 16 ár, en 2 ár dvaldi hún Stafholtstungnahreppi. Þadan fluttist hún aftur til Reykjavíkur og hefir dvalid þar sídan. Hún neydist nú til þess ad fá fátækrastyrk sökum veikinda og fátæktar. Hún er nýstadin upp úr 7 vikna legu á franskneska spítalanum hjer í bænum og er mjög lasburda ennþá og getur ekki unnid. Hún hefir ekki fengid styrk ádur. Hún vonar ad geta endurgoldid styrkinn.

Vottar:
Ólafur Jónsson
Árni Helgason

Upplesid samþykkt
Sigurjón Markússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Málfríður Þorláksdóttir, Vesturg. 20, þarf
þegar að leggjast á spítala, því hún liggur
nú hjúkrunarlaus en fátæk heima

Rvík 23/8 07

G. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 25 ágúst 1909

Hjer með vil jeg láta hina heiðruðu fátækrastjórn vita að jeg mælist algjörlega undan að vera lengur í fátækranefnd, og vona jeg að nefndin gefi mig lausann frá því starfi.

Jeg gæti stungið uppá mörgum sem þeim störfum eru vaxnir þar á meðal Einar Finnsson Vegastjóri og Guðmundur Jakobsson Trjesmiður

Með þakklæti fyrir góða samvinnu

Virðingarfyllst

Samúel Ólafsson

Til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

f. Rvk. 96/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SÝSLUM. GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLU

Hafnarfirði, 1. september 1909.

Hér með sendi ég yður, herra borgarstjóri, bréf oddvitans í Hafnahreppi dags. 7. f. m. hvar í hann viðurkennir að þurfalingurinn Guðmundur Bjarnason á Vesturgötu nr. 25 í Reykjavík er ræðir um í heiðruðu bréfi yðar, dags. 29. júní þ. á. sé sveitlægur í Hafnahreppi, en að því er endurgjald af hálfu hreppsins snertir á hinum veitta styrk skýrslu hann til þess að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi af hreppsnefnd

F. Bj.

89
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inni í greindum hreppi fyrir 1½ ári síðan verið krafinn um meðlag með barni Jóns heitins Ásmundssonar í Bráðræðishúsum, sem eigi hafi verið sinnt af hálfu bæjarstjórnar, og virðist téður oddviti ætlast til þess, að jöfnuður sé gjörður á meðlagskröfum þessum. —

Þótt krafa þessi sé hinum ræddu málefni í sjálfu sér óviðkomandi, þykir rétt — áður en krafa á hendur hreppsnefndinni í Hafnahreppi er endurnýjuð — að fá umsögn yðar viðvíkjandi niðurlagi téðs erindis oddvitans: er honum svo yrði sent jafnhliða

úrskurði kröfu minni til Hafnarhrepps um greiðslu á meðlagi með þurfamanninum Guðmundi Bjarnasyni. -

Magnús Jónsson

Til

borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Borgarstjóri

með því við vitum að Guðmundur Sigurðsson faðir okkar undirritaðra hefur beðið yður um styrk af almanna fje vegna þrimma skorts og að hann hefur konu sína móðir okkar veikbunda að sjá fyrir og hefur saffaðfæði dóttir sinni sem er heilsu lítil síðan fyrir jól því hún sje ekki hjá honum og þar við erum ekki svo að geta hjálpað honum sem stendur þá biðjum við yður gjöra svo vel og lána honum þá krónu upphæð sem hann til tekur við skulum á byrgast að hjálpa han til að borga á rjettum tíma

Reykjavík 26/2 1909

Virðingarfylst

Sigurður Guðmundsson

Sigríður Guðmundsdóttir

L. Rob.

87/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjer með
virðingarfyllst að snúa
mjer til hinnar háttvirtu
fátækranefndar Reykja-
víkur-kaupstaðar viðvíkj-
andi tillagi því er Guðmundi
Pjeturssyni massagelæknir
ber að greiða með börn-
um okkar, sem er að upp-
hæð Kr. 60,00 um ársfjórð-
unginn í allt voru liðnir
6 ársfj. þann 16. jan eða
Kr. 360,00. Jeg hef nokkrum
sinnum skrifað bæjarfógeta
Halldóri Danielssyni þessu
viðvíkjandi, en hann kvaðst

J. Rvk. 26 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa afhent fátækra nefnd-
inni það mál og bref mín
þessi mikli drátter á
greizlu þessa meðlags
hefir bakað mjer mikil
óþægindi. Þess vegna
leyfi jeg mjer að skora
á hina háttvirtu fátækra
nefnd að hún gjöri mjer
skil á þessi fje ~~hið~~
bráðasta ef mögulegt væri
þá með „bereð“ til baka.

Eskifirði 3. febr. 1909
Virðingarfyllst
Elinbjörg Runólfsdóttir

Til
fátækranefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst að biðja hina heiðruðu fátækra nefnd í Reykjavík að taka ábyrgð á og lána mér, ef til kemur til greiðslu 40 kr. mánaðarlega húsaleigu eftir hús það er ég og öll mér viðkomandi fjölskylda nú bý í á Ananaustum svo að ég eigi þurfi að missa húsnæði þetta nú þegar og þau hlunnindi sem því fylgja hvað líðina snertir.

Skyldi svo fara að ég gæti eftir 2 mánuði innleyst húsið með einhverju móti, sem ég á kost á þyrfti þessi mikilsverða hjálp eigi að ná lengra en til þess tíma að slíkt yrði.

Reykjavík 28 júlí 1909

Virðingarfyllst
Þórarinn Guðmundsson

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík.

F. Rvk 85/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifuð verð að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur-Kaupstaðar, að hjá mér hefir verið síðan í fyrra sumar örvasa gamalmenni: Sigurður Þorkelsson, áttræður að aldri, sem sveit á hér í Reykjavík. Í fyrra sumar var hann við kúahirðing og hét þá, að hann ynni fyrir sér. En í vetur hefir hann verið heilsulaus og athafnalaus og er svo enn og verður því örvasari sem lengur líður. Hann hefir því verið hreinn og beinn ómagi síðan í haust er leið og fer ég því fram á, að hinni heiðruðu fátækranefnd vildi þóknast að greiða mér fyrir framfærslu hans umliðinn tíma til 1. þ.m. 30 króna þóknun, þótt hann hafi

[illegible] Okt. [illegible] 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki verið sagður til sveitar fyrr en nú, enda er honum það óvernandingt, að þurfa að vera annara handbendni.

Frá 1. ágúst og framvegis get eg ekki séð fyrir framfærslu hans nema greitt sé með honum að minsta kosti 12 krónur á mánuði fyrst um sinn. — Með þeim skildaga væri honum heimil vist hjá mér að sinni, en ekki að öðrum kosti.

Laugavegi 18. 11. ágúst 1909

Virðingarfylst,

Ragnhildur Ólafsdóttir

Til fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér virðingarfylst. að leita hinnar heiðruðu fátækranefndar Reykjavíkur, og beiðast þess að mér yrði veittur alt að 8 krónu styrkur mánaðarlega, til þess að eg geti borgað húsaleigu eptir það húspláss sem eg nú hefi í Bjarnaborg.

Eg er 62 ára gömul og hefi litla vinnu haft í sumar dóttir mín er hjá mér sem einnig hefur mjög litla vinnu haft enda stórfötluð í fótonum og því opt ekki vinnufær í bænum hefi eg dvalið nær fellt 30 undanfarin ár

Reykjavík 11 ágúst 1909
virðingarfylst
Oddný Einarsdóttir

F. R. n. 83/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á áttræðisaldri

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að beiðast aðstoðar borgarstjórans til þess að móðir mín Ingibjörg Bjarnardóttir verði flutt á sína sveit, Hvalfjarðarstrandarhrepps, með því að jeg sje mjer engin tök á að ala önn fyrir henni lengur, enda á hún fyrir engan að, sem geti gefið henni hjálparhönd. Frá hreppi hennar hef jeg enga hjálp getað fengið, og einn treystist jeg með engu móti til að halda hana. Vænti jeg þess að þjer, háttvirti herra, gerið það sem gera þarf til þess að tekið verði móti henni af hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps

Virðingarfyllst
Reykjavík 10. ág. 1909.
Björn Hieronymusson

Til ~~B. S.~~ J. Rvk. 82/1909.
Borgarstjórans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Vottorð

Við undirskrifaðir vottum það rjett og satt að vera að ekkjan Ingibjörg Bjarnadóttir á sveit sína í Hvalfjarðarstrandarhrepp
Reykjavík 31 Juli 1909

Ólafur Þórðarson

Guðlaugur M. Jónsson

f. Rvk. $\frac{82}{1909}$

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðríði Guðmundsdóttur

Njálsgötu 35

Þarf að leggjast á spítala

Rvík 26/6 13

Matth. Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skipun formanns fátækra-
-nefndar Reykjavíkur, hef jeg undirritadur
kint mjer efnaástæður ekkjunnar Gudridar
Gudmundsdóttir á Njálsgötu 35 sem beidst
hefur stirks fátækranefndarinnar til að verda
lögð inn á spítala hjer í bænum.
Hún hefur skírt mjer frá að hún sje al-
gjörlega efnalaus og geti enga ábúð fengið
fyrir sig. Hún hefur nokkrar vikur legið
rúmföst og læknir Matthías Einarsson sem
að hefur stundað hana, telur nauðsinlegt að
hún komist á spítala nú þegar, þá álít jeg
sjálfsagt að sinna stirkbeidni hennar,

Reykjavík 29 júní 1909

Samúel Ólafsson

Ábyrgð tekin á legukostnaðinum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Anna Guðmundsdóttir, Frakkastíg
Nº 10, gipt Samúel Guðmundssyni,
sem nú er strokinn frá henni
og býr með stúlku á Ísafirði.
Þau eiga 3 börn, eitt barnið vinnur
fyrir sjer. Tvö börn 10 og 11 ára
hjá yður.
Vill láta sýslumann skilja
Samúel frá stúlkunni og senda
hann suður. —
Borgar fyrir telegram 5 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ágústa María Finnbogadóttir
27 ára hefur verið í bænum 11 ár
Saumsk. Á 5 mánaða gamalt barn
með William Henry Lamster, sem
farinn er til Englands. Enski
konsúllinn reynir að ná í
Lempster —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24 júní

Ég undirskrifuð vil hérmeð biðja hina háttvirtu fátækranefnd, að hækka meðlagið með Margrèti gömlu sem hjá mèr er, úr 12 kr. í 15 kr. um mánuð hvern.

Ástæða fyrir þessu er, að M. hefir verið mjög við rúmið síðari part vetrar og nú í vor, og hefir þar af leiðandi þurft meiri umönnun en ella. Ég á því bágt með að halda hana án þess að fá hækkun á meðgjöfinni.

Aptur á mót er ég þess fullviss, að Margrèt vill ekki fara frá mèr, og vil ég því gjöra mitt ýtrasta til að halda hana.

Svar óskast hið fyrsta.

Virðingarfylst

Guðrún Jónsdóttir

Laugaveg 27

F. Rvk. 83/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af heiðruðu bréfi yðar velborni hr. borgarstjóri, til hreppsnefndar Kjósarhrepps d. s. 26 f. m. viðvíkjandi þurfamanni Kjósarhrepps Jóni Sæmundssini frá Írafelli, leifi eg mér virðingarfylst að beiðast þess að fátækranefnd Reykjavíkur annist um að sjúklingur þessi fái að verða kyr á "handa kots-spítalanum" og að hún taki ábyrgð á legu kostnaðinum hverutveggja fyrstum sinn, eður í öllu falli til loka þ. m. mun eg innan þess tíma koma til Reykjavíkur og þá gjöra þær ráðstafanir sjúklingi þessum viðvíkjandi, með samráði við læknir, og sem mögulegar væru. sem og gjöra ráðstafanir til um borgun á áföllnum legu kostnaði:

Fyrir hönd hreppsnefndar Kjósarhrepps

Neðra-Hálsi 5 júní 1909

Þórður Guðmundsson
(ssk Oddviti)

Til

Borgarstjóra Reykjavíkur

F. Rvk 81/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Oddvitinn í Sandvíkurhreppi 2 júní 1909.

Þann 1 júní þ.á. sendi Sýslumaðurinn í Árnessýslu hreppsnefndinni Sandvíkurhrepps erindi yðar hávelborni herra borgstjóri Reykjavíkur vegna stúlkunnar Friðsemdar Jónsdóttir er þjer farið þess á leit að hreppsnefndin í Sandvíkurhr. greiði fyrir hana til fátækrasjóðs Reykjavk 10 kr. tíukrónur sem er 2/3 hlutar af upphæð þeirri er henni var veittur þaðan samkvæmt beiðni þörf. 26 april síðastl.

Þá skal það tekið fram, að samstundis hafa verið gjörðar ráð-stöfanir til þess að yður verði greitt fje þetta.

Um leið verður hreppsnefndin að láta þess getið; að hún er mjög óánægð yfir því að Friðsemd hefur ekki verið flutt hingað-samkvæmt fátækralögum 16. nóv. 1905. samanber. 63 gr. það virðist vera dálítið einkennilegt íhald Reykjavíkurbæjarstjórnar í þessa stúlku; því í fyrra skiftið er hún varð styrkþurfi vegna gjálífis og ólifnaðar; vildi nefndin hjer fá hana flutta hingað- þá er svarið sama og nú; að hún sje sakfeld og eigi að taka út straff, verði því ekki flutt. helldur verði barnið okkur sent. Nú þykir okkur allt þetta dálítið kinlegt. síðan þetta var eru nú full þrjú ár.

Með því að fátækra lögin frá 1905 eru komin í fulla framkvæmd. er gera dvalarhreppnum dálítið meiri útgjöld en áður, treystir nefndin hjer yður háttvirti herra að hlutast til um það með alvörru að áður nefnd Friðsemd Jónsdóttir verði flutt hingað hafarlaust, ásamt með barni sínu þegar hún er fær. og búinn að afplána sekt sína. til þess hún hjer vinni fyrir sjer og barni sínu að lögskildum hluta. Því auðsjáanlegt þykir fátækrastjórninni hjer, að ó[illegible] sje fyrir viðkomandi fátækrafjelagsmargáminst stúlka alí leingur aldur sinn í Reykjavík, með því þróist hún meir og meir í gjálífi höfuðstaðarins sem hún eftir framkomu sinni hefur sýnt að hún hefur tekið altof mikinn sistur part í.

Þetta erindi hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi tilkynnist yður háttvirti herra hjer með.

Lotningar fyllst.

F umboði hreppsnefndarinnar sama dag og afangreinir -

Símon Jónsson

(Oddviti).

Til

Borgstjóra Reykjavíkurbæjar.

F. Rek. 80/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SÝSLUMAÐURINN Í ÁRNESSÝSLU.

Kaldaðarnesi, 3. júním 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda yður, herra borgarstjóri, viðurkenningu hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi, dags. 1. þ.m., fyrir sveitfesti Bergþórs snikkara Vigfússonar, er um ræðir í 2 heiðruðum brjefum yðar, dags. 10. og 17. f.m.

Sigurður Ólafsson

Til
borgarstjóra Reykjavíkur.

F. … 179
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með viðurkennist að Bergþór
Snikkari Vigfússon Laugaveg 29 Reykjavík
fæddur í Valdakoti 27. Febr. 1883. á
fram Þerslusveit í Sandvíkur hreppi
Sandvíkurhreppi 1 júní 1909.
fyrir hönd hreppsnefndarinnar
Símon Jónsson.
(oddviti)

Nr. 1085.

F. Rvk. 79/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bíldudal 31. maí 1909

Heiðrað brjef yðar herra Borgarstjóri dags. 20. þ. m. hefi jeg meðtekið og svarast því þannig: að jeg er fús á að leggja föður mínum nauðsynlegan framfærslustyrk að rjettu hlutfalli við bræður mína Jón og Torfa, og vildi jeg jafnframt mega biðja yður um að láta mig sem fyrst vita hve mikið, og á hvaða tíma mjer beri að senda til yðar í þessu skyni.

Virðingarfyllst

Klengur Jónsson

Til

Borgarstjórans í Reykjavík

F. Rvk. 78 / 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með línum þessum leyfi jeg mjer að bera fram brjeflega ~~þ~~erindi mitt
við hina heiðruðu fátækra nefnd Reykjavíkur bæjar í til efni af því
að jeg er sveitlægur í Reykjavíkur bæ, þá knýr þörf mín mig nú
þegar að leyta minnar sveitar þar sem jeg er kominn á efri aldur og
kona mín 64 ára er þá aðal vinnu kraftur okkar sem dóttir okkar vinn
ur þar af leiðir (við) að sjáum ekki annað fært en fara þess á leit við hina
ofan rituðu fátækra nefnd Reykjavíkur bæjar hvert hún vildi ekki
taka þátt í atvinnu arðs skorti okkar að eins með húsa leigu styrk sem
næmdi Kr 60 á ári sextíu krónur því lítt verðleg hús hjer fást ekki undir
5 Kr mánaðar leigu fái jeg mót von minni synjun beiðni minnar sje
jeg mig neyddann til að flytja á sveit mína svar upp á þetta mitt erindi
~~vildi~~ vildi jeg mega óska eftir hið bráðasta

með virðingu

Ísafirði 1/6 1909

Ólafur Ólafsson

Til

formanns fátækra nefndarinnar í Reykjavíkur bæ

F Rvk. 77/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendist borgarstjóranum í Reykjavík.
Bæjarfógetinn í Reykjavík, 7. júní 1909.

Jón Magnússon



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 25/6. 1908.

27/9. 08. skr. sýslumanni Þing-
eyjarsýslu bréf-
samkvæmt álykt.
fátækranefndar-
innar. —

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. águst 1908

51

Jeg sendi fátækranefndinni hjer með til umsagnar brjef sýslumannsins i Þingeyjarsýslu dags. 3. þ.m., þar sem hann æskir yfirlýsingar um hvort Egill nokkur Guðnason sje viðurkenndur sveitlægur i Reykjavik.

Páll Einarsson

Til

Fátækranefndar Reykjavikur .-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Asknesi við Mjóafjörð 28/5 – 09

Háttvirtur borgarstjóri Rvíkur!

Í tilefni af bréfi yðar til mín dagsettu 20/5 – 09 viðvíkjandi málaleitun föður míns til fátækranefndar Rvíkur um fjárstyrk sér til lífsframfærslu, þá leifi ég mér hér með að skýra yður frá að ég er reiðubúinn að hjálpa föður mínum eftir því sem mér ber hlutfallslega við bræður mína og vildi ég þá fá að vita hvað mikið mér bæri að leggja föður mínum árlega og eins hvenær ársins það ætti að borgast, en núna í vor hef ég látið hann fá sem svarar 60 – 70 krónum og ætlast ég þá til að það komi upp í því sem mér bæri að leggja honum þetta ár

Virðingarfylst

Torfi Jónsson

E. Bók. 76/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg tjái með votta hinni háttvirtu fátækrastjórn þakklæti mitt fyrir þá miklu hjálp, sem hún í veikindum mínum hefir veitt mjer af fátækrasjóði frá því á síðastliðnum vetri fram að þessum tíma, leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja hana enn að veita mjer framvegis 50 króna hjálp af fátækra-sjóðnum mánaðarlega, svo lengi sem mín auma heilsa er þannig, að jeg ekkert get unnið til gagns fyrir mig og heimili mitt. Reyndar er heilsan nú, að því er virðist, á góðum batavegi á móti því sem hún var í vetur; en eptir áliti læknisins líður enn nokkuð langur tími þangað til jeg verð fær um að vinna nokkra verulega vinnu svo að gagni sje. Með því að jeg eptir læknisskipun verð að kaupa og drekka 2½ pott af nýmjólk á hverjum degi, og auk þess kaupa nokkuð af meðulum í hverri viku, og vegna þess að kona mín einnig er svo veik og taugaveikluð að hún, samkvæmt meðlögðu vottorði frá lækni Sigurði Magnússyni, enga erfiða vinnu getur þolað, get jeg ekki komizt af með minni hjálp en 50 krónur á mánuði.

Njálsgötu 40B í Reykjavík, 23. júní 1909

Auðmjúklegast,

Árni Jósepsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

Rvk. 75/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinbjörg Jónsdóttir er taugaveikluð
og þolir ekki erfiðis vinnu

14/6 07

G. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Hætstra í 10 af~~ fátækrafullt
~~mælist svo~~ J.

Hjer með Leyfi eg mjer virðingarfyllst að fara þess á Leit við hina Heydruðu Fátækranefnd að hún vildi svo vel gjöra og veita mjer viðbót við þann styrk sem eg hefi feingið 7 krónur um mánuðinn. En þar af fara 6 kr í Húsaleigu þá er 1 kr Eptir. En sökum þess að vinnu kraptar mínir eru þrotnir þó aldurinn sje Ekki nema 75 ½ ár og alt svo dýrt sem maður þarfnast vildi eg óska að mjer mætti veitast 5 krónur í viðbót, Ef það væri Ekki álitið Ósanngjarnt, og það mætti Reyknast frá 1 Júni yfirstandandi.

Virðingarfyllst

Laugaveg 26 - 4 Júni 1909

Þórður Stefánsson

F. Rvk. 7/4 1909

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísast til O. Pjeturssini

Jeg undirritaður leifi mjer auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækranefnd um hjálp til að borga fyrir mig og fjölskildu mína húsaleigu áfram því ástæður mínar hafa ekki batnað svo að jeg geti mist af afla mínum til þess og þar af leiðandi get ekki fengið leigt uppá mitt eindæmi. En fái jeg hjálp hinnar heiðruðu nefndar fæ jeg að vera hjer áfram enn annars ekki.

Bræðraborgarstíg 21
dags 15 Mai 1909
Pjetur Sigurðsson f. Rvk.

Til Fátækranefndarinnar i Reykjavik

73/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur